

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA

SÝNINGAOPNUN Í OKTÓBER/NÓVEMBER

Verkefnið Við langeldinn/Við eldhús-
borðið sem styrkt var af Barna-
menningarsjóði tekur flugið þegar
uppfærð sýning í Hofsstaðagarðinum
og sýningin Aftur til Hofsstaða á
Garðatorgi 7 verða opnaðar. Saga
Garðabæjar frá landnámi er rakin í
glæsilegri hönnun Gagarín. Skemmti-
legir viðburðir fyrir fjölskyldur verða í
boði á sýningunum og tekið á móti
skólahópum.

AÐVENTUHÁTIÐ GARÐABÆJAR Á GARÐATORGI 26. NÓVEMBER

Upphafi aðventu fagnað með smiðju í
Hönnunarsafni Íslands, leikriti á
Bókasafni Garðabæjar, tónlist og
jólátréskemmtun á sviði. Jólátré á
Garðatorgi tendrað klukkan 16.

GRÓSKA

Gróska er félag myndlistarmanna í
Garðabæ með aðsetur á Garðatorgi 1.
Sýningar, námskeið og mánaðarlegar
sýningar á Bókasafni Garðabæjar eru
fastir liðir Grósku sem og
Jónsmessugleði.



Nánari upplýsingar veitir menningarfulltrúi
Garðabæjar, Ólöf Breiðfjörð í síma 820 8550
eða á netfangið olof@gardabaer.is

RÖKKVAN - LISTAHÁTIÐ. TÓNLIST, MYNDLIST OG LIFANDI MANNLÍF

Föstudagskvöldið 28. október fer
fram listahátíðin Rökkvan. Listrænin
stjórnendur hátíðarinnar eru ungir
tónlistarmenn í Garðabæ sem
skipuleggja hátíðina í samstarfi við
menningar- og safnanefnd. Fjöl-
breyttir viðburðir fara fram en
hátíðinni lýkur með kvöldtónleikum í
glerhýsi á Garðatorgi.

MENNINGAR- DAGSKRÁ FYRIR SKÓLAHÓPA

Í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni
Garðabæjar og Tónlistarskóla
Garðabæjar fer fram dagskrá fyrir
skólahópa sem kynnt verður
skólastjórnendum og kennurum í
upphafi annar. Áhersla er lögð á að
nemendur fái að skapa, tjá sig og
upplifa hönnun, bókmenntir og tónlist
í sérsniðinni dagskrá.

KLIFIÐ

Klifið býður upp á fjölbreytt námskeið
á sviði tónlistar, myndlistar og
leiklistar. Markmið Klifsins er að
virkja sköpunarkraft og ímyndunarafi
þeirra sem sækja námskeið sem
kennd eru af fagfólki á sínu sviði.

Upplýsingar um einstaka viðburði má finna á Facebook-
síðu Garðabæjar, Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns
Garðabæjar.

Bókasafn Garðabæjar er lifandi upplýsinga – og sköpunarsetur þar
sem öll eru velkomin að koma og fræðast, miðla, hittast, dvelja og njóta
góðra stunda. Fjölbreyttur safnkostur og reglulegir viðburðir eru í boði
fyrir allan aldur.

Fastir liðir

Sögur og söngur

Fyrsta laugardag mánaðarins
kl.11.15

Samvera foreldra og 2-6 ára barna
með Þórönnu Gunný.

Lesið fyrir hund

Annan laugardag mánaðarins
kl.11.30

Skráning á bokasafn@gardabaer.is
eða í síma 5914550

Klassíski leshringurinn

Annan hvern þriðjudag
kl.10.30

Lauflétti leshringurinn

Þriðja þriðjudag í mánuði
kl.18

Manga klúbbur með Íslenska
myndasögusamfélaginu

Fjórða laugardag í mánuði kl.11.30

Sköpunarskúffan

Saumavél, þrívíddarprent, kubbar
og fleira fikt og föndur í haust.

September–dagskrá

Sýning

1.–30. september

Litli prinsinn. Sýning á teikningum
Joann Sfar á vegum Froskur Útgáfa í
Svítunni.

Fimmtudagur 8.september
kl.17.30

Erindi Sverris Norland, Hinn fullkomni
karlmaður.

Laugardagur 17.september
kl.13

Bál tímans og handritasmiðja fyrir
alla fjölskylduna. Arndís Þórarinsdóttir
les úr verðlaunabók sinni Bál tímans.
Að loknum lestri og spjalli fer fram
handritasmiðja á vegum Árnastofnunar.

Fimmtudagur 22.september
kl.10.30

Foreldraspjall. Svefnró ungbarna.

Laugardagur 24.september
kl.13

Höfundur í heimsókn. Kjartan Atli les úr
bókinni Saman í liði.

Miðvikudagur 28.september
kl.11

Prjónað og hlustað. Lesin verður
smásaga eftir Svövu Jakobsdóttur á
meðan gestir prjóna.

Október–dagskrá

Fimmtudagur 6.október
kl.17.30

Skipulag á heimili með Virpi Jokinen.

Þriðjudagur 11.október
kl.17

Minecraft fyrir börn og foreldra með
Intrix.

Laugardagur 15.október
kl.13

Aftur til Hofsstaða. Fróðlegur viðburður
fyrir alla fjölskylduna. Dagrún Ósk
Jónsdóttir þjóðfræðingur leiðir
viðburðinn sem tengist viðfangsefni
sýningarinnar, Aftur til Hofsstaða sem
opnuð verður á Garðatorgi 7 í haust.

Fimmtudagur 20.október
kl.10.30

Foreldraspjall með Indíönu Ægisdóttur
kynfræðingi sem ræðir kynlíf eftir
barnseignir.

Laugardagur 22.október
kl.11

Litahátíð ungbarna. Samverustund
foreldra og ungbarna þar sem litir verða
notaðir til að örva skynfærin.

Laugardagur 29.október
kl.11

Hrekkjavökuhátíð. Skerum út í grasker!
Áhöld á staðnum en gestir komi með
grasker og klæðist helst búningum.

Nóvember–dagskrá

Laugardagur 5.nóvember
kl.13 á Álftanessafni

Makey makey með félögunum í Intrix.

Laugardagur 12.nóvember
kl.13

Barnabókahöfundur í heimsókn.

Fimmtudagur 17.nóvember
kl.17

Norræn listasmiðja fyrir börn. Styrkt
af Norræna félaginu í Garðabæ.

Laugardagur 19.nóvember
kl.13

Kertasmiðja fyrir alla fjölskylduna með
Ísabellu Leifsdóttur. Komið með hvers
kyns ílát með ykkur (gamlar dósir,
krukkur, blómapotta ofl.) og gerið
haustkerti saman.

Fimmtudagur 24.nóvember
kl.20

Jólabókaspjall með rithöfundum
flóðsins 2022.

Laugardagur 26.nóvember
kl.15

Jólaleikrit sem er liður í Aðventuhátíð
Garðabæjar.

Bókasafn Garðabæjar
Garðatorgi 7
Sími 5914550

Opið alla virka daga kl.9–19
Laugardaga kl.11–15.

Álftanessafn
Við Eyvindarstaðaveg
Sími 5914560

Opið mánudaga til fimmtudaga
kl.14–18, föstudaga kl.14–17
Og fyrsta laugardag mánaðarins
kl.12–15.

Urriðaholtssafn
Vinarstræti 2
Opnunartímar auglýstir síðar

Nánari upplýsingar um aðra viðburði
má finna á bokasafn.gardabaer.is og
á Facebook.

DAGSKRÁ

HAUST 2022

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

TÓNLISTARNÆRING

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

FJÖLSKYLDUSTUNDIR

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA

MENNING Í GARÐABÆ

Hönnunarsafn Íslands sýnir, skráir og rannsakar íslenska hönnun og listiðnað. Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur og fyrirlestrar og námskeið fyrir fullorðna eru haldnir reglulega. Í safnbúð er gott úrval af hönnunarvöru.

Sýningar
22.janúar-23.október
SUND
Sundlaugar eru athyglisverð al-mannarými. Laugarnar hafa þróast sem vettvangur þar sem ókunnugir hittast, verða jafnvel málkunnugir. Staðir þar sem samfélagið birtist sjálfu sér—á sundfötum. Sundlauga-menning snýst um lífsgæði, leik, afslöppun, skemmtun og samneyti. Á sýningunni Sund er sundlauga-menningu á Íslandi gerð skil með ljósmyndum, gripum og frásögnum.

HÖNNUNARSAFNID SEM HEIMILI
Ný sýning verður opnuð í byrjun árs 2023. Á sýningunni verður fjallað um heimilið út frá gripum í safneign safnsins. Ýmsum áhugaverðum sjónarhornum verður varpað fram og gripir sem ekki hafa sést áður fá sess á sýningunni Hönnunarsafnið sem heimili.

Safnið á röngunni
17.júní-31. desember
TILTEKT
Tiltekt - Skráningarverkefni, for-varsla og ýmiskonar rannsóknir fara fram í rannsóknarrýminu. Fram að áramótum verða gripir úr varðveislurými safnsins þar til sýnis.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Vinnustofudvöl
Í anddyri safnsins dvelja hönnuðir og handverksfólk í nokkra mánuði í senn og vinna í opnu rými. Hægt er að fá innsýn í störf þeirra og jafnvel versla vörur sem verða til á meðan á dvölinni stendur.

September-nóvember
Hattagerðarfólkið Anna Gulla Eggertsdóttir og Christopher Morgan Harper verða í vinnu-stofudvöl í anddyri safnsins fram til loka nóvember. Þar verður hægt að fylgjast með þessu fallega hand-verki og fræðast um það í samtali við þau. Í boði verða einnig smiðjur sem þau stýra og verða auglýstar nánar síðar.

Safnbúðin
Vörur eftir íslenska hönnuði til sölu en úrvalið spannar fatnað, borð-búnað, bækur, skraut og annað sem hönnuðir fást við í dag. Vöurnar tengjast allar safneign og sýningum á einhvern hátt.

Smiðjan
Fræðslurými þar sem tekið er á móti skólahópum og smiðjur haldnar fyrir fjölskyldur. Þrautaborð í anda arkitektsins og stærðfræðingsins Einars Þorsteins Ásgeirssonar (1942-2015) er staðsett í Smiðjunni. Námskeið, fyrirlestrar og aðrir viðburðir eru einnig haldnir í rýminu.

Pallurinn
Rými inn af verslun safnsins þar sem minni sýningar eru settar upp.

17.júní-23. október
Sýndarsund. Sýndarveruleikaverk eftir Hrund Atladóttur.

28. október-31. desember
Dieter Roth: Grafísk hönnun.

September-dagskrá
Sunnudagur 4.september kl.13
Sundlaugasmiðja fyrir alla fjölskylduna með Rán Flygenring. Fjölskyldur og vinahópar hvattir til að sameinast um að föndra sundlaug, sundgarpa eða annað sem getur leynst í sundlaugum.

Laugardagur 10.september kl.14
Fyrirlestur um hönnun sund-og baðstaða með Marcos Zotes einum af eigendum arkitektastofunnar Basalt sem hefur hannað marga sundstaði á Íslandi undanfarin ár.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Sunnudagur 25.september kl.13
Leiðsögn um sýninguna SUND með Árna Jónssyni forstöðumanni Laugar-dalslaugar og Rannveigu Pálmadóttur, fastagesti Laugardalslaugar gömlu og nýju í yfir 80 ár.

Október -dagskrá
Sunnudagur 2.október kl.13
Knipplsmiðja fyrir alla fjölskylduna með Kristínu Völu Breiðfjörð formanni Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Jafnt börn sem fullorðnir geta lært að knippla blúndu þó handverkið virðist ef til vill flókið.

Laugardagur 8.október kl.14
Fyrirlestur um sýninguna SUND. Katrín Snorradóttir, þjóðfræðingur heldur erindi um rannsókn sína á sundmenningu Íslendinga.

Sunnudagur 23.október kl.13
Leiðsögn síðasta sýningardag sýningarinnar SUND. Brynhildur Pálsdóttir hönnuður sýningarinnar og Sigríður Sigurjónsdóttir safnstjóri Hönnunarsafnsins leiða gesti um sýninguna.

Nóvember-dagskrá
Sunnudagur 6.nóvember kl.13
Grafísk hönnunarsmiðja fyrir alla fjölskylduna. Katla Einarsdóttir og Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir leiða smiðjuna en þær eru nýútskrifaðar úr grafískri hönnun. Brugðið verður á leik með leir, makkarónur og perlur sem umbreytast í letur og útsaumsmynstur hönnuð af algórytma. Sjón er sögu ríkari í skemmtilegri smiðju.

Laugardagur 12. nóvember kl.14
Þóra Sigurbjörnsdóttir, sérfræðingur safnsins segir frá varðveislurýmum Hönnunarsafnsins og ýmsu sem leynist þar.

Laugardagur 26. nóvember Kl. 14
Merkimiðasmiðja fyrir alla fjölskylduna. Jólamerkimiðar á alla jólapakkana verða til í notalegri smiðju sem er liður í aðventuhátið Garðabæjar.

Desember-dagskrá
Sunnudagur 4. desember kl.13
Jólastjörnusmiðja fyrir alla fjölskylduna. Jóhanna Ásgeirsdóttir hönnuður og myndmenntakennari stýrir smiðju þar sem búnar verða til jólastjörnur í anda Einars Þorsteins Ásgeirssonar hönnuðar og stærðfræðings.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Hönnunarsafn Íslands
Garðatorgi 1
sími 512 1525
Opið frá kl.12-17 alla daga nema mánudaga

Nánar á honnunarsafn.is,
Instagram og Facebook

Hádegistónleikar í boði menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir fara fram í sal skólans að Kirkjulundi, dagskráin hverju sinni kemur á óvart en aðgangur er ókeypis.

Miðvikudagur 7. september Kl. 12.15
ÞÓRA EINARSDÓTTIR sópran
og **KATARINA STRÖM-HARG** píanó

Miðvikudagur 5. október Kl. 12.15
GISSUR PÁLL GISSURARSON tenór
og **GUÐRÚN DALÍA SALÓMONSDÓTTIR** píanó

Miðvikudagur 2. nóvember Kl. 12.15
MARGRÉT HRAFNSDÓTTIR söngkona
ásamt **ÞORGRÍMI JÓNSSYNI** bassaleikara,
PÉTRI VALGARÐSSYNI
og **ÞÓRARNI SIGURBERGSSYNI** gítarleikurum

TÓNLISTARNÆRING